

Ed.

465. Nefndarálit

[58. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 75 13. maí 1966.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt það á fundum sínum. Einnig leitaði nefndin umsagnar um málið hjá stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

Í umsögn fiskveiðasjóðs kemur fram meðal annars, að stofnunin hafi haft náið samstarf við skipaskoðunarstjóra varðandi alla nýbyggingu fiskiskipa. Hefur skipaskoðunarstjóri yfirfarið og athugað alla samninga um smíði fiskiskipa, smíðalýsingar og fyrirkomulagsteikningar og þannig látið fiskveiðasjóði í té umsagnir um smíði fiskiskipa, jafnt þeirra sem byggð hafa verið innanlands sem utan. Þessar umsagnir skipaskoðunarstjóra telur stjórn fiskveiðasjóðs að hafi náð yfir athuganir á öllum samningum, smíðalýsingum og fyrirkomulagsteikningum. Hefur þar komið fram fjöldi tillagna um endurbætur á skipunum og ábendingar um margt, sem betur mátti fara en smíðalýsingar og teikningar gáfu tilefni til.

Þá kemur enn fremur fram í umsögn fiskveiðasjóðs um málið, að snemma á síðastliðnu ári hafi fiskveiðasjóður komið á samvinnu við Fiskifélag Íslands, eða tæknideild þess, sem nýlega sé búið að koma á fót, og sé það verkefni deildarinnar að hafa á hendi slíka leiðbeiningarstarfsemi fyrir útvegsmenn, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að hin nýja tæknideild Fiskveiðasjóðs Íslands hefði með höndum, ef frumv. yrði að lögum.

Í umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna um málið segir meðal annars, að þeir telji mjög nauðsynlegt, að fyrir hendi sé tæknideild, sem veitt geti útvegsmönnnum slíka þjónustu sem frumv. þetta gerir ráð fyrir, en telja hins vegar eðlilegra, að tæknideild sú, sem þegar er komin á fót hjá Fiskifélagi Íslands, verði eflð, svo að hún geti að fullu veitt þá þjónustu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Nefndin er í meginatriðum sammála flutningsmanni frumvarpsins, um nauðsyn þess, að sjávarútvegurinn eigi kost þeirrar leiðbeiningarþjónustu, sem frumv. gerir ráð fyrir. Hins vegar er það skoðun nefndarmanna, að eðlilegast sé að ná því marki með því að efla þann vísi, sem þegar er fyrir hendi hjá Fiskifélagi Íslands, og eru þeir því samþykkir tillögum þeirra aðila, sem að framan getur.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Fiskifélag Íslands hefur þegar komið á fót tæknideild, sem ætlað er að hafa á hendi slíka leiðbeiningarstarfsemi fyrir útvegsmenn sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og í trausti þess, að sú tæknideild verði eflð, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. marz 1968.

Pétur Benediktsson,  
form.  
Bjarni Guðbjörnsson.

Jón Árm. Héðinsson,  
fundaskr., með fyrirvara.  
Gils Guðmundsson,  
með fyrirvara.

Jón Árnason,  
frsm.  
Sveinn Guðmundsson.

Ólafur Jóhannesson.